



Fjárlaganefnd Alþingis  
B.t. Formanns, Stefáns Vagns Stefánssonar  
Alþingi v/Austurvöll  
101 Reykjavík

Þórshöfn 16. október 2023

**Efni: Staða starfsmanns sýslumanns á Þórshöfn**

Undanfarin 4 ár hefur fengist tímabundin framlenging á stöðu starfsmanns sýslumanns á Þórshöfn sem hefur sinnt fólki og fyrirtækjum í sveitarfélaginu Langanesbyggð vel og ýmis verk verið unnin hér sem að öðrum kosti hefði þurft að sækja langan veg. Aðalskrifstofa sýslumanns er á Húsavík og þangað eru 166 km. Okkur er til efs að í mörgum öðrum sveitarfélögum (íbúar um 600) þurfi íbúar að sækja þjónustu sýslumanna svo langan veg.

Í fyrstu var þetta gert með styrk frá Bygðastofnun en þótti það vel heppnað að Alþingi kostaði starfið á fjárlögum til eins árs í senn. Langanesbyggð hefur lagt til húsnæði og alla aðstöðu ráðuneytinu að kostnaðarlausu enda mikið í húfi fyrir okkur íbúa.

Á síðasta ári var framlengt til áramóta 2023/2024 en ekki orðið við ósk okkar um breytingu á reglugerð **1151/2014** þar sem við lögðum fram eftirfarandi tillögu um breytingar á henni varðandi umdæmi sýslumanna, lið 5 um sýslumannsembættið á Húsavík yrði breytt þannig (tillaga um breytingu feitletruð):

**5. Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi eystra:**

Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit,  
Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit,  
Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur,  
Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing,  
Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.  
Aðalskrifstofa: Húsavík.  
Sýsluskrifstofur: Akureyri, Siglufjörður.  
Annað útibú: Dalvík, **Þórshöfn**.

Það er einlæg ósk okkar að fest verði í sessi þessa þjónustu á Þórshöfn með reglugerðarbreytingu en að öðrum kosti að fjárlaganefnd framlengi tímabilið um 1 ár. Það hafa verið yfirlýst markmið ríkisvaldsins að færa störf út á land, nær þeim sem þjónustuna nota og einnig þar sem ekki



er þörf á því að viðkomandi stjórnvald eða starfsmenn sinni starfi í höfuðborginni sem snertir landsmenn alla eða einstakra þéttbýlisstaða. Það væri hægt að taka mörg dæmi um vel heppnaða flutninga á starfsemi sem heild eða útibú frá stofnun eða ráðuneyti og ótalin eru verkefni sem sýslumönnum í ýmsum héruðum hafa verið falin verkefni sem snerta landið allt. Í þessu tilfalli er um að ræða staðbundna þjónustu sem nauðsynlegt er að veita íbúum og fyrirtækjum á svæðinu.

Sýslumannsembættið á Norðurlandi eystra hefur verið velviljað í þessu efni en við gerum okkur grein fyrir því að við þurfum á þessu sviði sem öðrum að tjá okkar óskir um þá þjónustu sem við teljum nauðsynlegt að veita í nærumhverfi. Því setjum við fram þá ósk að dómsmálaráðherra festi starfið í sessi með framangreindri reglugerðarbreytingu eða að fjárlaganefnd tryggi fjármagn til eins árs og tryggi rekstur þess í fjárlögum fyrir árið 2024.

Virðingarfyllst;

Björn S. Lárusson  
Sveitarstjóri

*Sveitarstjóri*  
*Langanesbyggðar*